

Þjóðbrókarbót

3. tbl. 2. árg.

Gleðilegt nýtt ár

Smá ritstjórnarspjall

Nú erum við komin á fullt skrið. Við höfum fengið alveg fullt af brjáluðum hugmyndum og stefnum að því að koma þeim sem flestum í framkvæmd. Við erum þokkalega ánægð með mætingu og virkni ykkar fram að þessu, en betur má ef duga skal!

Enn eiga nokkrir syndaselir eftir að borga árgjaldið og skorum við á ykkur að borga sem fyrst. Það er ykkar hagar. Þeir sem borga ekki í þessari viku þurfa að borga **hærra miðaverð á þorrablótið**. Svo að hunskist til að borga AUMINGJARNIR ykkar eða verra hlýst af!!!

Þeir sem enn hafa ekki borgað félagsgjaldið eru:

Ásdís Sigmundsdóttir

Erla Halldórsdóttir

Guðrún Eyjólfsdóttir

Helgi Guðmundsson

Jón Jónsson

Rakel Pálsdóttir

Rósa Þorsteinsdóttir

Rúna Tetzchner

Smári Ólason

Soffía Richter

Stefán ???

Þorrinn

Þá er þorrinn hafinn og hápunktur vetrarins, sjálft **þorrablótið**, nálgast óðum. Það verður haldið, **laugardaginn 11. febrúar** og þið munuð fá þann besta þorramat sem þið hafið nokkurn tíma fengið. Miðaverði verður stillt í hóf svo að sem flestir sjái sér fært að mæta, á bilinu 1000 til 1500 krónur fyrir manninn. Við erum ekki kominn með fast verð en þið fáið nánari upplýsingar von bráðar. Merkið því rauðan hring í kring um 11. febrúar á dagatalinu.

Þjóðdansánámskeið - Það er enginn þjóðfræðinemi nema dansað geti, og ekkert þorrablót hjá þjóðfræðinemum nema dansað sé. Þess vegna ætlum við að bjóða þeim þjóðfræðinemum sem hafa áhuga á að bæta þjóðdönsum við aðra hæfileika sem fyrirfinnast í hverju mannsbarni, fimmtudagana 2. og 9. febrúar frá klukkan 17-19 í Garðsbúð, Gamla Garði, gengið inn um

aðalinnganginn. Þetta dansnámskeið er ykkur þjóðfræðinemum að kostnaðarlausu. Ef þið eigið kærasta eða kærustu sem myndi vilja vera með þá má hann / hún að sjálfsgöðu vera með en hann / hún gæti þurft að greiða örlítinn pening fyrir. Það verður þó eins og allt annað, haft í algjöru lágmarki.

Skautuferð

Jæja, nú er komið að hinni langþráðu skautuferð sem allir hafa beðið eftir. Ætlunin er að hittast í Odda, miðvikudaginn 01. febrúar 1995, klukkan fimmtán:núll,núll, eða eftir tímann hjá Terry. Þaðan mun leið okkar liggja á skautasvellið í Laugardal þar sem við munum svífa um spegilsléttan ísflötinn sem undrabörn skautalistarinnar. Þeir sem ekki sjá sér fært að stíga á ísinn og sýna hæfni sína geta engu að síður komið og skemmt sér með hinum íðilföggu undrabörnum.

Jólablótið

Hinn 19. desember 1994 var öllum þjóðfræðinemun stefnt að Kríuhólum 4 þar sem Þór Hreinsson ræður ríkjum, haldinn fundur um væntanlegar breytingar í Þjóðfræðinni. Jón hélt tölu yfir mönnum (konum, og Þór kastaði upp) og lýsti í smáatriðum hvernig náminu verður háttað í nánustu framtíð.

Síðan byrjaði svallið. Rakel kom með nornapottinn sinn og framdi seið (og Þór kastaði upp). Eftir að seiðurinn fór að virka upphófust miklar rökræður um fyrsta ráðherran okkar, Hannes Hafstein og urðu þær svo háværar að hringt var úr næsta landsfjórðungi og okkur sagt að lækka róminn. “Bara” Jón gerði vísindalega könnun, meðal gestanna, hvar hver og einn væri í systkinahópnum. Þar sem Bara Jón er nú þekktur fyrir einstaka nákvæmni og gáfur, voru niðurstöðurnar eftir því (og Þór kastaði upp).

Skemmtikvöld (Ef þið finnið eitthvað betra nafn, þá breytið endilega)

Laugardaginn 21. janúar síðastliðinn átti sér stað gjörningur. Öllum þjóðfræðinemum var stefnt í félagsmiðstöðina hjá honum Þór. Þetta var nokkurs konar kveðjustund því hann er fluttur en þó með félagsmiðstöðina með sér. Hungruð sátum við og biðum og biðum og biðum... eftir öllum þeim sem ekki eru stundvísir. Þegar þolinmæðin var á þrotum var hringt í ofboði á Pizza 67 og pantaður matur. Eftir að hafa spordrennt ljúffengum flatbököm hófust miklar samræður og söngur. Um miðnætti var lagt af stað í átt að Kaffi Reykjavík. Þegar þangað kom náði röðin út á götu en við fundum góða og árangursríka leið til þess að komast greiðar inn. Var hinn þjóðlegi söngur Ólafur Liljurós sunginn og var Valdimar forsöngvarinn. Þetta varð til þess að við náðum að flæma fjölda fólks úr röðinni. Þegar inn var komið tróðum við okkur á dansgólfið og dönsuðum úr okkur allt vit. Þegar hljómsveit staðarins tók sér pásu, þá tókum við skemmtuninni og dönsuðum hringdans við góðar undirtektir. Eftir fimmtíu ár verður þessi ferð þjóðlegur fróðleikur.